

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

r

Skýrsla Umdæmisritara fyrir Umdæmisstjórnarfund 17.mars 2012 í Kiwanishúsinu Iðavöllum í Keflavík

Umdæmisritara hafa borist 172 skýrslur af 180.

Frá Freyjusvæði vantar allar skýrslur frá Jöklum og var ritari Jörfa búinn að láta mig vita að febrúarskýrslan yrði sein þar sem hann er staddur erlendis.

Allar skýrslur hafa borist frá Færeyjasvæði.

Allar skýrslur hafa borist frá Sögusvæði.

Frá Óðinssvæði vantar skýrslu frá Skildi.

Frá Ægissvæði vantar skýrslu frá Eldey.

Vil ég þakka riturum klúbbanna góð störf og auðvitað svæðisstjórnunum því án þeirra væru skýrsluskil ekki 95%. Þetta finnst mér frábær árangur. Ég hef sjálfur talað við forseta Jökla og ég veit að svæðisstjórinn hefur verið duglegur að reka á eftir skýrslunum en samt gerist ekkert, við þurfum að fá einhverja í lið með okkur því það væri frábært að skila árinu með 100% skýrsluskilum.

Ég hef eytt síðustu kvöldum í að stemma af tölur rafræna félagatalsins og félagafjölda af skýrslum. Þetta hefur skilað einum 8 breytingum á rafræna félagatalinu og nokkrum á skýrslum.

Ég hef tekið saman nokkrar tölur úr skýrslum klúbbanna til gamans, einhverjir munu súpa hveljur og segja þetta getur ekki verið svæðið mitt er með mikið betri mætingu eða hefur safnað miklu meira í styrktarsjóð. Ástæðan er einföld, þetta er eingöngu unnið upp úr skýrslunum og því miður vantar fullt af upplýsingum inn á þær. Ég mun í næstu viku senda samantekt skýrslna á forseta klúbbanna og biðja þá að fara yfir þær upplýsingar sem þar koma fram.

Einnig hef ég hug á og er þegar búinn að ræða við kjörumdæmisritara um að breyta mánaðarskýrsluforminu þannig að það taki saman þær tölur sem þarf í svona samantekt sjálfkrafa.

Það ætti að auðvelda þessa vinnu til mikilla muna og auðvelda samanburð t.d. milli ára.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar


kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

Fyrst er þá að taka mætingu félaga. Þess skal getið að þetta er eingöngu meðaltal mætinga milli svæða reiknað út frá mætingarprósentu klúbbanna, þ.e. ekki er tekið tillit til fjölda félaga í hverjum klúbb. Félagar í leyfi draga ekki niður mætinguna.

Meðal mæting í Umdæminu það sem af er starfsári er 72%

Meðal mæting í fyrra var 73% til og með maí skýrslu



Færeyjasvæði er með áberandi bestu mætinguna en án þess að vilja vera leiðinlegur er einn klúbbur þar sem náði 110% mætingu einn mánuðinn. Þetta stafar sennilega af því að félagar í leyfi hafa mætt á fund og verið skráðir sem félagar (sem þeir og eru), þetta er eitthvað sem við þurfum að skoða til að komast megi hjá þessu.

Það er áberandi í tölunum hversu vel litlu klúbbarnir eru að standa sig í mætingu og er starfið hjá þeim oftast en ekki hlutfallslega betra en hjá stærri klúbbunum.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is


Margar hendur vinna létt verk

Í styrktarsjóð klúbbanna hefur þegar verið safnað 15.049.863

Og úr styrktarsjóðum klúbbanna hefur verið veitt 10.531.229

Í maí á síðasta ári hafði verið safnað 32,5 miljónum þessi mikli munur skýrist held ég fyrst og fremst af því að enn eiga margir eftir að skila uppgjöri fyrir þær safnanir sem áttu sér stað um júl og áramót.

Ég tók að gamni saman skiptinguna milli svæða og þarf að taka tillit til þess að mikill stærðarmunur er á svæðunum og er þetta eingöngu til gamans gert



Það væri líka gaman að geta haft styrktarsjóð umdæmisins og K-dags inn í þessum tölum til að sýna hversu frábært starf við erum að vinna á hverju ári. Eina áhyggjuefni mitt er að klúbbarnir eiga það til að gleyma að færa inn í skýrslur styrki sem þeir veita þannig að töluverður munur virðist myndast á debet og kredit ef svo má að orði komast, mun ég ítreka þetta við forseta og ritara á næstu dögum.

Ekki má gleyma unnum stundum innan hreyfingarinnar en þar held ég reyndar að skorti töluvert upp á að klúbbar færi alla sína vinnu inn.


Unnar stundir það sem af er starfsárinu eru 9183 samanborið við maí á síðasta starfsári 19349 aftur tel ég að klúbbar eigi eftir að færa inn bróðurpartinn af vinnu desember mánaðar.

Kiwanis


Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk



En þá er komið að aðalmálinu fjölda félaga í Umdæminu Ísland-Færeyjar



Miðað við skýrslur klúbbanna erum við á uppleið og ég held að við séum á meiri uppleið heldur en þessar tölur sýna, ástæðan er sú að við erum á tánum með að strika strax út hætta félaga og hafa félagatalið eins rétt og það getur verið og hafa nokkrir klúbbar verið að gera hreint fyrir sýnum dyrum hvað óvirka félaga varðar og er það vel þó það skili okkur ekki fleiri félögum á blaði, þá er það réttari mynd af Umdæminu.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni en mun setja inn upplýsingar úr skýrslunum inn á heimasíðuna okkar þegar forsetar klúbbanna hafa farið yfir þær.

Benóný Arnór Guðmundsson Umdæmisritari